



LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Fjármálaeftirlitið
b.t. Gunnars Þ. Andersen/
Valdimars Gunnars Hjartarsonar
Suðurlandsbraut 32
108 Reykjavík

Reykjavík, 25. ágúst 2011

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) um drög að leiðbeinandi tilmælum um skipan og störf endurskoðunarnefnda eftirlitsskyldra aðila, umræðuskjal nr. 6/2011

Með bréfi Fjármálaeftilitsins (FME) til Landssamtaka lífeyrissjóða (LL), dags. 20. júní sl. var óskað eftir umsögn um drög að leiðbeinandi tilmælum um skipan og störf endurskoðunarnefnda eftirlitsskyldra aðila, umræðuskjal nr. 6/2011 sem gefið er út, skv. heimild í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálstarfsemi.

Tekið skal fram að efnistösk umræðuskjalsins eru að mestu til samræmis við núverandi framkvæmd á hlutverki og skipan endurskoðunarnefnda sem nú starfa á vegum stjórna lífeyrissjóðanna. LL styðja því og taka undir flest það sem tilgreint er í drögunum en eftirfarandi athugasemdum skal þó komið á framfæri.

Tilgreind eru á bls. 4-5 í umræðuskjalinu skilyrði sem óháður nefndarmaður fulltrúanefndar þurfi að uppfylla, sbr. 73. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. LL telur þau skilyrði sem þar eru talin ganga allt of langt í því að meta fulltrúa til setu í endurskoðunarnefnd háðan einingunni. LL óskar eftir að þessi upptalning verði nánar yfirfarin áður en endanleg leiðbeinandi tilmæli verða gefin út af Fjármálaeftilitinu um málefnið.

Á bls. 6 í drögunum eru tilgreind þau lágmarksverkefni sem endurskoðunarnefnd ber að sinna, sbr. ákvæði í 108. gr. b. í ársreikningslögum nr. 3/2006, sbr. breytingarlög nr. 80/2008. Í framhaldi af þeirri upptalningu sem er í fimm liðum er sett inn millifyrirsögn sem ber heitið: „Nánar tiltekið ætti nefndin m.a. að fjalla um eftirfarandi atriði:“ LL telur millifyrirsögn þessa villandi þar sem upptalningin sem hún vísar til varði ekki umfjöllunarefni nefndarinnar heldur sé fremur um að ræða ítarlegri útlistun á verkefnum hennar. Því færi betur ef þar stæði sem dæmi: „Nánar tiltekið ætti nefndin m.a. að annast eftirfarandi verkefni.“

Helstu athugasemdir sem LL vill koma á framfæri varða þá upptalningu sem heyrir undir fyrrgreinda millifyrirsögn og er tilgreind í 13 punktum á bls. 6-7 í drögunum.

3. punktur. Þar segir: „Að tryggja að innri endurskoðun sé skilvirk.“ Hér þykir of fast að orði kveðið og færi betur ef stæði „Stuðla að því að.“ eða „Sjá til þess að.“.

Undir sama punkti, þ.e. 3., er rætt um forstöðumann innri endurskoðunardeildar en framsetningin virðist útiloka að lífeyrissjóðir ráði sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila til að annast

innra eftirlit. Lögin gera ráð fyrir slíkri skipan og hafa allir lífeyrissjóðir kosið að fara þá leið, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Til samræmis við núverandi löggjöf og framkvæmd þyrfti að breyta framsetningunni þar sem almennt hefur verið samið við endurskoðunarfyrirtæki sem annast innri endurskoðun lífeyrissjóða.

4. punktur. Þar segir: „Beina tilmælum til stjórnar einingarinnar varðandi val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.“ Í 108. gr. b. 5. tl. ársreikningslaga er ákvæði sem tilgreinir að hlutverk nefndarinnar sé að „Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.“ Með vísan í lagaákvæðið er punktur 4 óþarfur og bætir engu við það sem tilgreint er í lagatextanum.

6. punktur. Þar segir: „Hafa eftirlit með skilvirkni ytri endurskoðunar ..“ Við yfirferð á upptalningunni virðist ekki samsvarandi vera tilgreint varðandi eftirlit með innri endurskoðun. Spurning hvort ekki væri rétt að tilgreina slíkt eftirlitshlutverk með innri endurskoðun með sambærilegum hætti.

10. punktur. „Nefndinni skal frjálst að leita ráða og aðstoðar frá utanaðkomandi sérfræðingum, lögfræðingum, eða endurskoðendum eins og hún metur nauðsynlegt til að sinna skyldustörfum sínum.“ LL hefði viljað sjá þessa heimild orðaða með örlitlum áherslubreytingum t.d. á eftirfarandi leið:

„Nefndinni skal heimilt ef nauðsyn krefur að leita ráða og aðstoðar frá utanaðkomandi sérfræðingum, lögfræðingum eða endurskoðendum til að sinna skyldustörfum sínum en nefndin skal upplýsa stjórn sé slíkt gert.“

12. punktur segir: „Nefndin skal gefa stjórninni skýrslu um starfsemi sína a.m.k. einu sinni á sex mánaða fresti í tengslum við samþykkt á ársuppgjöri eða hálfársuppgjöri.“ Tekið skal fram að nokkuð mismunandi er milli sjóða hvort árshlutauppgjör séu endurskoðuð. Þar sem árshlutauppgjör eru framkvæmd má ætla að endurskoðunarnefnd gefi út skýrslu í tengslum við það. Aftur hafa vaknað spurningar um hvort ekki sé fullnægjandi að tilgreina að nefndin skuli gefa skýrslu a.m.k. einu sinni á ári og sleppa þar tilgreiningu til uppgjors. Ársfrestur væri til samræmis við skýrsluskil til endurskoðunarnefna, sbr. nánar 108. gr. d. ársreikningslaga.


Undir kafla V. í umræðuskjalinu er tekið fram að stjórn einingarinnar skuli útbúa erindisbréf handa nefndinni og tilgreint nánar hvað skuli koma þar fram. Í niðurlagi kafla IV. í umræðuskjalinu segir að endurskoðunarnefnd skuli setja sér starfsreglur. Við skoðun á því sem tilgreint er að eigi að standa í erindisbréfi virðist sem um sé að ræða atriði sem fremur ættu heima í starfsreglum nefndarinnar, s.s. „hvenær nefndin skuli koma saman, hvernig fundargerðum skuli hagað og hvernig nefndin skuli koma tillögum sínum og tilmælum til stjórnar.“

Í umræðuskjalinu, nr. 6/2011, er út frá því gengið að stjórnarmenn geti ekki átt sæti í endurskoðunarnefnd og því þykir rétt að benda á hjálagt álit PCW, dags. 24. apríl 2009. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að endurskoðunarnefnd geti að hluta eða öllu leyti verið skipuð af stjórnarmönnum. Með því að nefndarmenn skuli vera óháðir einingunni „sé átt við að þeir skuli ekki vera starfandi innan einingarinnar né þiggja greiðslur frá einingunni eða stjórnarmönnum hennar fyrir annað en stjórnarsetur og/eða sérstaka þóknun fyrir störf í

nefndinni.“ Þess er óskað að Fjármálaeftirlitið fari yfir og meti þau sjónarmið sem fram koma í ofangreindri álitsgerð áður en tilmæli um skipan og störf endurskoðunarnefndar eftirlitsskyldra aðila verða endanlega gefin út, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998.

Virðingarfyllst,

f.h. Landsamtaka lífeyrissjóða


Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri
Landssamtök lífeyrissjóða
Sætúni 1
105 Reykjavík

Reykjavík, 24. apríl 2009

Minnisblað um óháði nefndarmanna í endurskoðunarnefndum

1. Inngangur

Vegna fyrirspurna hefur PricewaterhouseCoopers hf. tekið saman umsögn um hvernig beri að túlka ákvæði 1. ml. 2. mgr. 108. gr. a. í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga þar sem segir að meiri hluti nefndarmanna í endurskoðunarnefnd einingar tengdri almannahagsmunum skuli vera óháður einingunni.

Með breytingu á lögum nr. 3/2006 um ársreikninga (árl) sem tók gildi 1. janúar 2009 var settur nýr kafli, IX kafli A, sem fjallar um endurskoðunarnefnd. Í 108. gr.a segir að við einingu tengda almannahagsmunum skuli starfa endurskoðunarnefnd. Skilgreining á hugtakinu eining tengd almannahagsmunum er sótt í 1. gr. nýrra laga um endurskoðendur nr. 79/2008 sem tóku gildi á sama tíma. Þar kemur fram að lífeyrissjóður sem hefur fullgilt starfsleyfi teljist vera eining tengd almannahagsmunum. Það leiðir því af ákvæði 108. gr. a. í lögum um ársreikninga að við lífeyrissjóð skuli starfa endurskoðunarnefnd og skipun nefndarinnar skal vera í samræmi við ákvæði 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

Við skipun endurskoðunarnefndar hefur komið fram álitamál um túlkun á 1. ml. 108. gr. a. sem segir: "Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum einingarinnar og meiri hluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður einingunni". Það sem talið er álitamál er hvað felst í því að nefndarmaður sé óháður einingunni, þ.e. hvort stjórnarmenn einingarinnar geti setið í endurskoðunarnefnd eða hvort þeir væru metnir of háðir hvort sem þeir tilheyra framkvæmdastjórn eða uppfylla skilyrði leiðbeininga um stjórnarhætti til að teljast óháðir.

Við yfirferð þessa álitamáls könnuðum við viðeigandi ákvæði laga nr. 3/2006 um ársreikninga ásamt síðari breytingum og lögskýringargögnum ásamt íslenskum leiðbeiningum um stjórnarhætti og völdum erlendum leiðbeiningum um stjórnarhætti, sjá nánar í lokakafla minnisblaðs þessa.

2. Niðurstöður

Það er álit okkar byggt á þeim rökum sem hér fara á eftir að með ákvæðinu um að meiri hluti nefndarmanna skuli vera óháðir einingunni sé átt við að þeir skuli ekki vera starfandi innan einingarinnar né þiggja greiðslur frá einingunni eða stjórnarmönnum hennar fyrir annað en stjórnarsetu og/eða sérstaka þóknun fyrir störf í nefndinni. Með því móti er komið í veg fyrir að störf nefndarinnar séu dregin í efa vegna þess að meiri hluti hennar sé jafnframt meðal stjórnenda eða starfsmanna sem eftirlit nefndarinnar beinist að.

Meðal eininga tengdra almannahagsmunum eru lögaðilar sem hafa skráð verðbréf á skipulögðum markaði. Þessum aðilum hefur verið gert að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja þar sem meðal annars er fjallað um endurskoðunarnefnd. Við teljum mikilvægt að gætt sé samræmis í túlkun ákvæðis 108 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja nema leiðbeiningarnar brjóti í bága við ákvæði laganna. Í áðurgreindu lagaákvæði og leiðbeiningunum um stjórnarhætti er gert ráð fyrir því að endurskoðunarnefnd sé skipuð af stjórn sem ber ábyrgð á störfum nefndarinnar. Þó ekki sé tekið fram í lögum að stjórnarmenn eigi sæti í endurskoðunarnefnd teljum við eðlilegt að gera ráð fyrir því að endurskoðunarnefnd sé að hluta eða öllu leyti skipuð af stjórnarmönnum þar sem hún er undirnefnd stjórnar eins og kemur fram í leiðbeiningum um stjórnarhætti.

3. Almenn um hugtakið óháður stjórnarmaður (non-executive director)

Frá því að fyrstu leiðbeiningar um stjórnarhætti voru settar hérlendis á árinu 2003 hefur sá skilningur verið ríkjandi að æskilegt væri að endurskoðunarnefnd og aðrar undirnefndir stjórnar væru að meiri hluta skipaðar stjórnarmönnum sem teldust óháðir stjórnendum félagsins og stærstu eigendum. Félög sem skráð hafa hlutabréf sín á skipulegum verðbréfamarkaði hafa í flestum ef ekki öllum tilvikum fylgt þeirri skipan mála. Þetta virðist okkur vera í samræmi við það sem viðurkennt er á alþjóðavettvangi eins og nánar er rakið í lokakafla þessa minnisblaðs. Við drögum því þá ályktun að viðurkennt sé í framkvæmd að stjórnir skipi endurskoðunarnefnd sem að meiri hluta eru stjórnarmenn.

Vert þykir að geta þess að tilurð hugtaksins óháðir stjórnarmenn á rætur í engilsaxneskum fyrirmyndum sem hlotið hafa hljómgrunn í Evrópu og víðar. Skipun óháðra stjórnarmanna eru viðbrögð við því að bregðast við hættu á umboðsvanda sem fólst í því að stjórnir félaga, þ.m.t. stórra almenningshlutafélaga, voru skipaðar að mestu leyti af framkvæmdastjórn viðkomandi félags. Ekki þarf að fjölyrða að í slíku fyrirkomulagi er hætt við að eftirliti stjórnar með framkvæmdastjórn kunnri að vera ábótavant.

Í leiðbeiningum um stjórnarhætti þar sem gerð er krafa um ákveðið hlutfall óháðra stjórnarmanna í stjórnnum er jafnframt lögð áhersla á að eitt meginhlutverk þeirra felist í eftirliti og að þeir skipi að meirihluta þær undirnefndir stjórna sem sinna afmörkuðum verkefnum sem lúta að eftirliti eða varða samskipti við framkvæmdastjórn, sbr.t.d.

ákvörðun launa forstjóra. Almennt er því farið fram á að endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd séu skipaðar óháðum stjórnarmönnum að mestum hluta.

Þó að skylda til að skipa endurskoðunarnefnd hafi ekki verið leidd í lög fyrr en með lögum nr. 80/2008 sem breyttu ársreikningalögum nr. 3/2006 verður að telja lágmarksskilyrði að tekið sé af skarið með skýrum hætti eigi að felast í hinum nýju lögum breyting á almennt viðurkenndum viðmiðum og venjum að þessu leyti.

4. Lagaákvæði um endurskoðunarnefnd

Ákvæði 108. gr. a. og b. kom inn í ákvæði ársreikningalaga með ákvæðum laga nr. 80/2008.

Um skipan nefndarinnar segir í 108. gr. a.:

”Við einingu tengda almannahagsmunum skal starfa endurskoðunarnefnd. Stjórn einingar ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar. Hún skal skipuð þremur mönnum hið minnsta eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum einingarinnar og meiri hluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður einingunni. Framkvæmdastjóri viðkomandi einingar skal ekki eiga sæti í nefndinni. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar.”

Fjallað er um verksvið nefndarinnar í 108. gr. b:

- “Endurskoðunarnefnd skal meðal annars hafa eftirfarandi hlutverk án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra á þessu sviði:
1. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
 2. Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu.
 3. Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.
 4. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
 5. Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki.”

Jafnframt segir í 108. gr. c. að endurskoðunarnefnd skuli veita stjórn tilmæli um tilefningu endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og skal tillaga stjórnar til aðalfundar byggjast á þeim tilmælum. Jafnframt segir í 108. gr. d. að endurskoðunarnefnd beri árlega að fá skriflega skýrslu frá endurskoðanda um mikilvæg atriði sem fram koma við endurskoðunina ásamt því að gera grein fyrir störfum sínum og óhæði.

Lögskýringargögn með frumvarpi sem varð að lögum nr. 80/2008 veita ekki nánari skýringu á því hvað felist í þeirri kröfu að nefndarmenn í endurskoðunarnefnd séu óháðir einingunni. Með öðrum orðum er ekkert í athugasemdum við frumvarpið sem gefur til kynna að neinar breytingar felist á þeim viðmiðum sem mótuð hafa verið hér á landi sem erlendis varðandi hugtakið óháðir stjórnarmenn. Þó segir í formála athugasemda við lagafrumvarpið að endurskoðunarnefnd sé eftirlitsnefnd og með því að kveða á um skipun slíkrar nefndar sé leitast við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga viðkomandi einingar og óhæði endurskoðenda einingarinnar. Tilgangur laganna var að leitast við tryggja gæði endurskoðunar og auka eftirlit með endurskoðendum eininga tengdra almannahagsmunum.

Með lögum nr. 80/2008 veru innleidd ákveðnir þættir í ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga. Í 41. gr. tilskipunarinnar segir:

“Each public-interest entity shall have an audit committee. The Member State shall determine whether audit committees are to be composed of non-executive members of the administrative body and/or members of the supervisory body of the audited entity and/or members appointed by the general meeting of shareholders of the audited entity. At least one member of the audit committee shall be independent and shall have competence in accounting and/or auditing.”

Í ákvæði tilskipunarinnar felst samkvæmt orðanna hljóðan að aðildarríki hafi sjálfðæmi um afmarkaðar leiðir við innleiðingu ákvæðisins, þ.e. að ákveða að endurskoðunarnefnd sé samsett af óháðum stjórnarmönnum og/eða aðilum sem aðalfundur velur til slíkra starfa. Ekki verður séð að aðildarríki EES hafi svigrúm til að hafa aðra skipan en kveðið er á um í ákvæðinu.

Í ákvæði 2. mgr. 108. gr. a árl. segir að stjórn beri ábyrgð á skipan nefndarinnar. Þar af leiðir að stjórn skipar nefndina en ekki hluthafafundur.

Rétt þykir að benda á að ákvæði tilskipunarinnar vísar til óhæðis stjórnarmanna sem “non-executive members of the administrative body”. Telja verður að í þessu felist tilvísun til þeirrar skilgreiningar sem almennt er viðurkennd á óháðum stjórnarmönnum og er áþekkt skilgreiningu íslenskra stjórnarháttaleiðbeininga. Má í þessu sambandi vísa til umfjöllunar í svonefndri Higgs skýrslu, sjá bls. 35 o.áfr.¹

Athygli vekur að ákvæði íslensku laganna virðast ekki taka með skýrum hætti á lokamálslið tilvitnaðs ákvæðis tilskipunarinnar því að ekki er gerður greinarmunur á “non-

¹ “Review of the role and effectiveness of non-executive directors”, Derek Higgs, Janúar 2003. Niðurstöður skýrslunnar hafa efnislega ratað í hinn breska “New Combined Code”, þ.e. “THE COMBINED CODE ON CORPORATE GOVERNANCE”, Júní 2006, Financial Reporting Council.

executive” og “independent” í 108. gr. a árl. Telja verður líkur til þess að í texta tilskipunarinnar sé verið að hnykkja á því að öruggt sé að viðkomandi stjórnarmaður sé ekki háður stjórnendum eða eigendum að neinu leyti.

5. Aðrar heimildir.

Ákvæði íslenskra laga um endurskoðunarnefnd eru til komin vegna innleiðingar á áttundu félagatilskipun Evrópuráðsins en ákvæði tilskipunarinnar um endurskoðunarnefnd á sér samsvörun í leiðbeinandi reglum um stjórnarhætti fyrirtækja sem birtar hafa verið hér á landi og í flestum Evrópulöndum.

1. Viðskiptaráð Íslands, Kauphöll Íslands og Samtök atvinnulífsins gáfu út leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja á árinu 2005. Kafli 3 í þessum leiðbeiningum fjallar um undirnefndir stjórnar og ein af þeim er endurskoðunarnefnd. Í inngangi að þessum kafla segir: ”Að stofna til undirnefnda, sem hluti stjórnarmanna á sæti í, getur bætt starfshætti í þeim málum sem stjórninni ber að annast.” Hér er því gert ráð fyrir að stjórnarmenn eigi sæti í undirnefndum stjórnar og þar með endurskoðunarnefnd þar sem slíkar nefndir annast hlutverk sem fellur undir ábyrgð stjórnar.

Í kafla 3.1 í leiðbeiningunum er fjallað um val nefndarmanna í endurskoðunarnefnd og þar segir að meiri hluti þeirra skuli vera óháðir félaginu. Þar sem endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar má draga þá ályktun að um óhæði gagnvart félaginu gildi það sama og um stjórnarmenn sem fjallað er um í kafla 2.6. Skilyrði um óhæði til setu í endurskoðunarnefnd er því ekki að meiri hlutinn skuli ekki eiga sæti í stjórn heldur að um óhæði gildi sömu reglur og um óhæði stjórnarmanna. Þar kemur meðal annars fram að stjórnarmaður teljist ekki óháður fyrirtækinu ef hann hefur verið starfsmaður fyrirtækisins undanfarin þrjú ár eða þegið greiðslur frá fyrirtækinu eða æðstu stjórnendum þess fyrir utan þau laun sem hann fær sem stjórnarmaður.

Áherslan á óhæði gagnvart félaginu er því að koma í veg fyrir að störf meirihluta stjórnar eða undirnefnda hennar sé dreginn í efa vegna hagsmunatengsla við fyrirtækið, stjórnendur þess eða starfsmenn.

2. Í Noregi voru gefnar út leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja 4. desember 2007 sem á ensku bera heitið ”The Norwegian Code of Practice for Corporate Governance”. Í 8. kafla þessara leiðbeininga er ákvæði um óhæði stjórnarmanna gagnvart félaginu en þar segir: ”The majority of the shareholder-elected members of the board should be independent of the company’s executive management and material business contacts”.

Hér eru því sömu megináherslur og í íslensku leiðbeiningunum.


3. Í Bretlandi eru í gildi leiðbeinandi reglur um stjórnarhætti fyrirtækja sem síðast voru gefnar út í júní 2008 undir heitinu ”The Combined Code on Corporate Governance”. Í kafla C.3.1 í þessum reglum segir: ”The board should establish an audit committee of

at least three, or in the case of smaller companies two, independent non-executive directors.”

Hér er vísað til óhæðis nefndarmanna gagnvart stjórnendum fyrirtækisins en ekki getið um að meiri hluti endurskoðunarnefndar skuli ekki eiga sæti í stjórn fyrirtækisins.

Til frekari upplýsinga fylgir hjálagt efni nýlega útgefið af PricewaterhouseCoopers hf. um endurskoðunarnefnd og innra eftirlit.

Virðingarfyllst,



Ragnar Þ. Jónasson
Hdl., LL.M, fyrirtækjaráðgjöf



Ólafur Kristinsson
Lögg. endurskoðandi, fyrirtækjaráðgjöf